



Íbúaráð Grafarvogs  
Heimir Snær Guðmundsson,  
Starfsmaður íbúaráða  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. september 2020

Tilvísun: 2020090060/23.1

**Efni: Bókun íbúaráðs Grafarvogs vegna ólyktar frá Gufunessvæði - svar  
Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur**

Vísað er til erindis íbúaráðs Grafarvogs vegna bókunar ráðsins þann 2. september s.l. um óánægju íbúa í Grafarvogi með moltugerð Íslenska Gámafélagsins í Gufunesi. Í bókuninni er skorað á borgaryfirvöld að gera nú þegar þær ráðstafanir sem þarf til að uppræta ólykt frá sorpþjónustu sem starfrækt er á Gufunessvæðinu og óskað er eftir upplýsingum um hvernig brottflutningi rotnandi efna og hreinsunar svæðisins verður háttað.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur á undanförunum árum eða allt frá 2016 fengið kvartanir frá íbúum í Grafarvogi um ólykt sem berst frá Gufunessvæðinu. Staðfest er að ólyktin sem hefur valdið íbúum ónæði og óþægindum að undanförunu berst frá moltugerð Íslenska Gámafélagsins (ÍG). HER hefur verið í samskiptum við fyrirtækið og gert kröfur um að það komi með öllum ráðum í veg fyrir ólykt vegna starfseminnar en jafnframt lagt bann við móttöku á lífrænum úrgangi þar til fyrirtækið hefur náð tókum á ástandinu.

HER mun fylgjast náið með moltugerð fyrirtækisins áfram og hefur fyrirtækið verið krafðið um aðgerðaáætlun vegna brottflutnings á efni verði um frekari lyktarmengun að ræða vegna moltugerðar fyrirtækisins. Til skoðunar eru frekari aðgerðir af hálfu HER til að koma í veg fyrir ónæði af völdum starfseminnar.

Nú gildandi starfsleyfi fyrirtækisins gildir til 8. júní 2022. Ljóst er að starfsemi ÍG, þ.á.m. moltugerðin mun flytja af Gufunessvæðinu og standa vonir til þess að það verði á næstu mánuðum.

Virðingarfyllt  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir  
deildarstjóri Umhverfiseftirlits